

Nd.

750. Nefndarálit

[213. mál]

um frv. til l. um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Menntamálanefnd hefur haft frumvarp þetta til meðferðar og rætt efni þess.

Það mun almenn skoðun nefndarmanna, að frá upphaflegri frumvarpsgerð milliþinganefndar, sem falið var að kanna náttúruverndarmál landsins í heild, sé í þessu frumvarpi dregið í land varðandi veigamikil atriði. Ber þar fyrst og fremst tvennt að nefna: Að ákvæði um náttúruverndarsjóð eru felld niður, og í öðru lagi, að valdsvið Náttúruverndarráðs er þrengt meira en áður var, þar sem smámunalegustu náttúruverndaraðgerðir þurfa samkv. frumvarpi þessu að berast undir ráðuneyti, en áður var þó það svigrúm, að ráðið hafði sjálfræði og sanningsrétt, ef um minni háttar atriði var að ræða, sem a. m. k. fólu ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar, sem námu nokkrum tugum þúsunda króna.

Smávægileg yfirsjón hefur háttvirtri efri deild orðið á, við afgreiðslu málsins, þar sem getið er aðila, sem rétt hafa til setu á Náttúruverndarþingi. Bætt hefur verið þar við ýmsum aðilum, og skal það óátalið látið, enda þótt fleiri mætti til nefna, úr því að svo langt er gengið. En sennilega af misgáningi eða misskilningi hefur Náttúruverndarsamtökum þarna verið stjakað út. Er næst að halda, að um ókunnugleika háttvirtrar deildar sé að ræða. Þess vegna er rétt að gera örstutta grein fyrir þessu atriði.

Náttúruverndarsamtök Íslands eru tvímælalaust mestur burðarás í starfi almennings í landinu til náttúruverndar, því að þau eru algerlega frjáls, órikisstyrkt samtök alþjóðar um þetta hugðarefni. Í dag samanstanda þau af: Náttúruverndarsamtökum Norðurlands, Náttúruverndarsamtökum Austurlands, Náttúruverndarfélagi Reykjavíkur og nágrennis (Hafnarfjarðar og Suðurnesja), og nefndinni er tjáð, að hliðstæð samtök séu á næsta leiti á Vestfjörðum, Vesturlandi, Suðurlandi og Vestmannaeyjum.

Slík samtök eiga tvímælalaust rétt til fulltrúa á Náttúruverndarþingi, og þess vegna er breytingartillaga við 4. gr. borin fram. Vonar nefndin, að hér sé um svo einfalt mál að ræða, að það hljóti skjóta afgreiðslu og ekki verði samtímis farið að róta við frumvarpinu í heild, sem þrátt fyrir ágalla er vissulega spor til betri vegar.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Við 2. tölulið bætist: Náttúruverndarsamtök.

Alþingi, 31. marz 1971.

Benedikt Gröndal,
form.

Magnús Kjartansson,
með fyrirvara.

Bjartmar Guðmundsson,
fundaskr.

Eysteinn Jónsson.

Gunnar Gíslason.

Birgir Kjara,
frsm.

Sigurvin Einarsson.